

# Samþykkt félagsmálaráðs vegna styrkveitinga

sbr. reglur Akureyrarbæjar samþykktar í stjórnýslunefnd 4. mars 2009

1. Félagsmálaráð Akureyrarbæjar úthlutar ár hvert félagasamtökum og einstaklingum styrkjum til starfsemi og þjónustu í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar og fjárhagsáætlun ráðsins hverju sinni.
2. Markmiðið með styrkjum félagsmálaráðs er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi félagasamtaka og framtak einstaklinga sem fellur að hlutverki ráðsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangs röðun bæjaryfirvalda. Áhersla er lögð á að styrkja starfsemi í bæjarfélaginu og þá starfsemi sem nýtist bæjarbúum beint.
3. Allar umsóknir eru lagðar fyrir fund félagsmálaráðs til afgreiðslu. Öllum umsóknum er svarað skriflega, með bréfi eða tölvupósti, um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu ef hann er veittur.
4. Ábyrgðarmaður verkefnis sem hlotið hefur styrk frá félagsmálaráði skal skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár við lok verkefnis eða innan árs frá því að styrkur er veittur. Í greinargerðinni skal koma fram mat ábyrgðarmanns á því hvort og þá hvernig markmiðum verkefnisins hefur verið náð.
5. Styrkþegar skulu vera reiðubúnir til að flytja einn fyrirlestur eða kynningu á því verkefni sem styrkt er á málþingi eða fræðslufundi, sem félagsmálaráð eða stofnanir þess boðar til, án sérstakrar þóknunar.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Ráðhússins, í Geislagötu 9, á þar til gerðum eyðublöðum sem eru aðgengileg á vef Akureyrarbæjar [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) og í þjónustuannddyri Ráðhússins.

Sjá má reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar á [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Samþykkt í félagsmálaráði Akureyrar 23. mars 2009.